

Víkinganaust í Reykjanesbæ

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir [menntamálaráðherra](#), Árni M. Mathiesen [fjármálaráðherra](#) og Árni Sigfússon, bæjarstjóri [Reykjanesbæjar](#), skrifuðu undir samning um borð í víkingaskipinu Íslendingi hinn 7. október síðastliðinn. Samkvæmt samningnum mun ríkið verja 120 milljónum til uppbyggingar Víkinganausts við ströndina í Njarðvík.

Víkinganaust mun samanstanda af sýningarhúsi víkingaskipsins Íslending og sýningunni *Vikings - The North Atlantic Saga*. Flestir munanna á sýningunni eru munir sem [Smithsonian safnið](#) í Bandaríkjunum lánaði Reykjanesbæ.



Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Árni Sigfússon bæjarstjóri Reykjanesbæjar, skrifa undir samning um uppbyggingu Víkinganausts í Njarðvík um borð í víkingaskipinu Íslendingi

Víkinganaust og söguslóðakynning eru fjármöggnuð af Reykjanesbæ í samvinnu við aðila í ferðaþjónustu.

Heildarkostnaður við verkefnið nemur 400 milljónum kr. samkvæmt kostnaðaráætlun og ráðgert er að Víkinganaustið og sýning því tengd verði fullgerð árið 2007.

Ríkið mun á næstu sex árum leggja til 20 milljónir á ári til uppbyggingar Víkinganausts.

OECD úttekt á háskólastiginu

[Menntamálaráðuneyti](#) tekur nú þátt í úttekt á háskólamenntun 23 [OECD](#) ríkja þar sem lagt er mat á hvernig skipulag og stjórnun háskólamenntunar verði best nýtt til að ná settum markmiðum í efnahags- og félagsmálum aðildarríkjanna. Í þessu sambandi er samhengi milli háskólastefnu stjórnvalda og starfs stofnana á háskólastigi í þátttökuöldunum sérstaklega skoðað. Meðal annars er leitað svara við eftirfarandi spurningum:

- Hver eru efnahagsleg og félagsleg markmið háskólakerfisins?
- Hvernig geta löndin tryggt að háskólakerfi þeirra séu efnahagslega sjálfbær, uppbygging þeirra rökrétt, að virk tengsl séu á milli mismunandi þátta kerfisins og að gæðakerfi séu fullnægjandi?
- Hvernig er hægt að tryggja fullnægjandi fjármögnun háskólakerfisins?
- Hvaða leiðir eru notaðar til að tryggja virka heildarstjórnun háskólakerfisins

Hópur erlendra sérfræðinga á sviði stefnumótunar í háskólamálum heimsótti Ísland 25. september – 3. október sl. vegna úttektarinnar. Hópurinn heimsótti alls níu stofnanir, ræddi við stjórnendur, kennara og nemendur allra háskóla í landinu og ýmsa hagsmunaaðila aðra er tengjast háskólamenntun og rannsóknum. Alls hélt hópurinn fundi í 45 klst. á þessum tíma og ræddi við 118 einstaklinga. Sérfræðingarnir í hópnum komu frá Nýja-Sjálandi, Bandaríkjunum, Spáni, Portúgal, Bretlandi og Danmörku.

Hópurinn mun skila skýrslu til íslenskra stjórnvalda innan sex mánaða með niðurstöðum og tillögum um íslenskt háskólakerfi. Stefnt er að því að árið 2007 verði gefin út heildarskýrsla með samanburðarniðurstöðum úr úttektum á öllum þátttökuöldunum.

Menntamálaráðuneyti gerði samning við [Námsmatsstofnun](#) um gerð ítarlegrar bakgrunnsskýrslu til undirbúnings heimsóknar sérfræðinganna. Aðalhöfundar skýrslunnar voru Ingunn Ólafsdóttir og Elvar Örn Arason. Skýrsluhöfundum til ráðgjafa var skipaður hópur fulltrúa frá félagsmálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Samstarfsnefnd háskólastigsins, Bandalagi háskólanna og Samtökum atvinnulífsins. Stefán Stefánsson, deildarstjóri háskóladeildar menntamálaráðuneytis, er verkefnastjóri úttektarinnar hér á landi.

Skýrslan [OECD thematic review of tertiary education: national background report for Iceland](#) er aðgengileg á vef menntamálaráðuneytis.

Íslensku sjónlistaverðlaunin

[Listasafnið á Akureyri](#) hefur haft forgöngu um að stofnað verði til hinna íslensku sjónlistaverðlauna í samstarfi við [Akureyrarbæ](#), menntamálaráðuneyti, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, [Samband íslenskra myndlistarmanna](#) (SÍM), Form Ísland-samtök hönnuða og valda kostunaraðila. Verðlaunin einkoröðast ekki við myndlist eða svokallaðar



Valgerður Sverrisdóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra ásamt fleiri forsvarsmönnum íslensku sjónlistaverðlaunanna

fagurlistir heldur verða allar greinar sjónlista teknar inn í myndina og þeim gert jafn hátt undir höfði. Veittar verða viðurkenningar á ýmsum sviðum hönnunar, byggingarlistar og myndlistar og ævistarfs listamanna, lífs og liðinna, verður minnst. Gert er ráð fyrir að hátíðin verði unnin í nánú samstarfi við prent- og ljósvakamiðla. Einnig verður leitað samstarfs við ýmsar aðrar stofnanir sem sjónlistum tengjast, s.s. [Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar](#), Hönnunarvettvang, [Nordic Institute for Contemporary Art](#) (NIFCA) og margvísleg söfn.

Verðlaunaafhendingin mun fara fram á Akureyri á haustmánuðum, frá og með árinu 2006. Tilnefningar munu gilda um sýningarhald og viðburði frá liðnu ári. Í tengslum við hátíðina verður haldið viðamiklúð Sjónþing um margvísleg málefni sem að sjónlistum snýr.

